

Fyrstu viðbrögð við vá (vatnstjón)

Námskeið um björgun bóka, safngripa, og skjala

Dagssetning: Mánudagur 2. júní 2025

Staðsetning: Flugsafn Íslands á Akureyri

Félag Norræna forvarða og Blái Skjöldurinn bjóða upp á námskeið um björgun safngripa og fyrstu viðbrögð við vá. Námskeiðið er stutt af Safnaráði og Flugsafni Íslands.

Hættan af náttúruvá, eldsvoðum og annarri vá er ávallt til staðar og eykst með auknum loftlagsbreytingum. Reynslan sýnir að góður árangur við björgun safngripa við slíkar aðstæður er háð því að viðbragðsaðilar hafi fengið undirbúning og æft rétt handtök og viðbrögð. Tilgangur námskeiðs er að kenna fólki sem fer með safnkost að skipuleggja og forgangsraða björgun safnkosts eftir vá og æfa verkferla og rétt handtök. Eftir námskeiðið verða þátttakendur betur í stakk búnir til þess að bregðast rétt og örugglega við ef að einhverskonar vá á sér stað og ógn steðjar að menningarminjum.



Sviðsett atvik og hlutverkaæfing: Hluti af námskeiðinu er sviðsetning vatnstjóns á safni, þar sem m.a. annars má finna bækur, skjöl, ljósmyndir, málverk, leikföng og fleiri gripi. Með því að setja sig í viðbragstöðu og upplifa neyð í rauntíma læra þátttakendur að hugsa rökrétt og halda ró sinni í erfiðum aðstæðum. Þannig má bregðast fyrir við, nota réttar aðferðir og lágmarka tjón.



Markmið: Kynnast aðstæðum sem skapast við viðbrögð við vá (vatnstjón) og æfa björgun safngripa.

Markshópur: Starfsmenn menningarstofnana (bókasöfn, gripasöfn, listasöfn, skjalasöfn).

Lýsing: Námskeiðinu er skipt í tvennt: bóklegt (um 20%) og verklegt (80%). Verklegir þættir eru:

- Nokkrar æfingar til að læra að greina næmi safngripa fyrir vatni
- Meðhöndlun blautra gripa
- Undirbúningur björgunaraðgerðar
- Framkvæma björgun safngripa (flutningur og meðhöndlun)
- Endurgjöf



Leiðbeinendur: Ingibjörg Áskelsdóttir og Nathalie Jacqueminet, forverðir og safnafræðingar. Báðar hafa þær reynslu af viðbrögðum og björgun gripa eftir vá.

Sambærilegt námskeið var haldið haustið 2024 á Árbæjarsafni og mældist mjög vel fyrir.

Dagskrá

Mæting kl. 09:00. Taka fartölvu með

Kl. 09:15-10:30 Bóklegt

Kl. 09:15-10:00 *Safnið í neyð*, Nathalie Jacqueminet, forvörður

Kl. 10:00-10:20 Samtal við viðbragðaðila á Akureyri

Kl. 10:20-10:30 *Viðbrögð við vö, reynslusaga*: Flutningur safngripa úr sýningarrými. Ingibjörg Áskelsdóttir, forvörður

Kl. 10:30-10:45 Kaffi

Kl. 10:45-12:45 Safngripir og vatn

Kl. 10:45-11:00 *Af hverju erum við hrædd við vatnstjón?*

11:00-11:45 **Verkefni**: Hvaða gripir eru viðkvæmir fyrir vatni (skipt í hóp)

Kl. 11:45-12:15 **Sýnikennsla**: Blautir safngripir: hvernig líta þeir út?
Meðhöndlun: hvað þarf að varast?

Kl. 12:15-12:45 Hádegismatur

Eftir hádegis: Verklegt

Kl. 12:45-16:30 Björgun safngripa: æfing, unnið í hóp

Undirbúningur björgunar: Sviðsmynd útskýrð og skipt í hóp. Allir fá að leika hlutverk, fá ábyrgð á verkefnum og framkvæma þau í tilgreindum hópum.

Kl. 16:30-kl. 17:00 Endurgjöf. Hóparnir segja frá reynslu dagsins.

Námskeiðsgjald: 10.000kr. (greitt fyrirfram). Boðið verði upp á kaffi og léttan hádegisverð.

Hámarkspátttakendur: 25

Skráning:

<https://forms.gle/X7X31LYDAS7yqFbUA>

Skráningarfrestur er til 30. maí 2025.

Upplýsingar: nathalieforvordur@gmail.com, ingibjorg.askelsdottir@gmail.com

